



Sjávarútvegsnefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

HAFRANNSÓKNASTOFNIN

Alþingi

Erindi nr. P 130/2493

komudagur 21.5.2004

Reykjavík, 21.05.2004

Tilv. 90.13

JS/js

Málefni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, 996. mál, sóknardagar báta, krókaaflamark o.fl.

Vísað er í erindi Sjávarútvegsnefndar Alþingis dags. 18. maí 2004 með beiðni um umsögn Hafrannsóknastofnunarinnar um fram komið frumvarp til laga.

Sem kunnugt er, telur Hafrannsóknastofnunin að sókn í þorskstofninn hafi verið of þung á undanförunum árum. Það helgast m.a. af því að afli hefur oftlega verið umfram ráðleggingar stofnunarinnar. Þessi umframafla á m.a. rætur að rekja til meiri afla smábáta en gert hafði verið ráð fyrir.

Ofangreindu frumvarpi er ætlað að koma í veg fyrir aukningu sóknar báta með leyfi til handfæraveiða með dagatakörkunum þar sem mælt er fyrir takmörkunum á fjölda handfærarúlla auk ákvæðis sem fækkar sóknardögum með aukningu vélarafis. Jafnframt er sóknardagabátum gert kleift að veiða í aflamarkskerfi.

Hafrannsóknastofnunin telur að ofangreind atriði séu til þess fallin að stuðla að markvissari sóknarstýringu sem telja verður æskilegt markmið, en tekur fram að leiði frumvarpið til aukins afla smábáta þurfi að taka tillit til þess við ákvörðun heildaraflamarks.

F.h. Hafrannsóknastofnunarinnar

Jóhann Sigurjónsson

Heimilisfang:

Skúlagötu 4
Pósthólf 1390
121 Reykjavík

Sími:

552-0240
Póstfax:
562-3790

Heimasíða:

<http://www.hafro.is/>
hafro/sjalf.html

Tölvupóstfang:

librarian@hafro.is